Kjarval: Lærdómsárin

Safn Grethe og Ragnars Ásgeirssonar að Kjarvalsstöðum

Meðan Íslendingar áttu sér engin opinber listasöfn eða liststofnanir, utan máttlítið Menntamálaráð, urðu myndlistarmenn hér að reiða sig á stuðning almennings í ríkara mæli en gerðist í öðrum nágrannalöndum okkar.

Þar brást íslenskt listáhugafólk ekki og er saga íslenskrar myndlistar á þessari öld morandi í nöfnum stór-



Þekkt og óþekkt andlit eftir Kjarval.

tækra safnara: Markús Ívarsson, Ragnar í Smára, Sverrir Sigurðsson, Þorvaldur Guðmundsson og Gunnar í Geysi, svo einhverjir séu nefndir. Af þessum nöfnum sést ennfremur að safnarar og velunnarar listarinnar komu úr öllum stéttum þjóðfélagsins.

Við þennan lista þarf nú að bæta nafni Ragnars Ásgeirssonar garðyrkjumanns og Grethe konu hans, en nú eru á annað hundrað myndir úr eigu þeirra hjóna til sýnis að Kjarvalsstöðum. Þarna eru fágætar myndir eftir Scheving og Ásgrím Jónsson, gott safn mynda eftir þá Guðmund Einarsson frá Miðdal og Höskuld Björnsson, myndir eftir Grete Björnsson, Johannes Larsen og grafíkmynd eftir Rembrandt.

Vinátta við listamenn

En stolt og prýði þessa safns eru að sjálfsögðu 80 verk eftir Kjarval frá þroskaskeiði hans. Voru það börn þeirra Ragnars og Grethe (látin 1973 og 1971) sem buðu þetta safn foreldra sinna til sýningar og stöndum við í mikilli þakkarskuld við þau fyrir vikið.

Ragnar Ásgeirsson var tíu árum yngri en Kjarval en kynntist honum í Kaupmannahöfn árið 1915 er báðir voru þar við nám, Kjarval við listaakademíuna, Ragnar í garðyrkju. Þau kynni, svo og návist danskra listasafna, vöktu með Ragnari listáhugann. Árið 1920 keypti hann sína fyrstu Kjarvalsmynd, rauðkrítarmyndina Hesliviður, sem þarna er á sýningunni. Í kjölfarið fylgdi vinátta við marga listamenn, sem stundum bjuggu á heimili þeirra hjóna, og tókst Ragnari iðulega að greiða götu þeirra með ýmsum hætti, eins og bréfasafn fjölskyldunnar sýnir. Meðan Ragnar sat í Menntamálaráði kom hann því sömuleiðis til leiðar að ríkið keypti mannamyndir þær, eða „hausana", sem Kjarval gerði á Austurlandi árið 1927, sem annars hefðu tvístrast um landsbyggðina. Þykja þær myndir nú einhverjar mestu perlur sem eftir listamanninn liggja.

Snilldin sem guðs gjöf?

Sýningin að Kjarvalsstöðum er sérlega mikilvæg fyrir það ljós sem hún bregður yfir mótunarskeið Kjarvals, árin 1918—1930. Sé hér einhver Kjarvalsaðdáandinn sem enn trúir á snilldina sem guðs gjöf, rustann með listgáfuna eða hinn sjálfmenntaða sérvitring, ætti sá hinn sami að haska sér á staðinn til að láta leiða sig í allan sannleik, eða a.m.k. part af sannleikanum, um tilurð myndlistarmannsins Kjarvals. Samt er enn margt á huldu um þetta skeið en væntanlega verða því gerð ítarleg skil í bók þeirri um listamanninn sem Reykjavíkurborg hefur kostað og á að koma út á aldarafmæli hans 1985.

Hér er sem sagt opinber gjör mikil barátta metnaðarfulls lærlings í listinni, tilraunir hans með ýmis stílform og stílbrögð, viðbrögð hans við nýju umhverfi, linnulausar æfingar með ýmsum miðlum. Varla er hægt að segja að þessu umbrotaskeiði í ævi og list Kjarvals ljúki fyrr en undir 1930, þegar listamanninum verður loksins ljóst að landið sjálft er það viðfangsefni sem stendur honum næst.

Tíu ára skólun

Þessi leit Kjarvals að „stíl", og jafnframt að sjálfum sér, er ekki síst áhugaverð fyrir það að tæknilega séð á hann lítið ólært. Enda hafði hann árið 1918 eytt einum tíu árum í skólum eða við að skóla sig, fyrst á námskeiðum hjá Ásgrími Jónssyni, svo í London 1911—1912, í teiknínámi í tækniskóla í Kaupmannahöfn 1912—1913 og loks í Konunglegu dönsku akademíunni 1914—1918. Í akademíunni virðist Kjarval ekki aðeins hafa fullnumað sig í olíumálverki, teikningu (með kolum, rauðkrít, blýanti o.fl.) heldur liggja einnig eftir hann nokkrar grafíkmyndir frá þessum tíma. Ekki þarf að efa það að hann hefur lagt hart að sér í þessu námi, bréf hans bera vott um það og einnig hafa samstúdentar hans á akademíunni orð á vinnusemi Kjarvals. Óneitanlega skýtur skökku við þegar íslenskir samtímamenn hans og jafnvel eftirkomendur hafa orð á menntunarleysi eða sjálfsmenntun listamannsins og nota slíkar lýsingar til að skjóta stoðum undir kenninguna um hinn fullmótaða snilling sem stekkur alskapaður úr höfði Seifs til að leggja grunn að íslensku landslagsmálverki.

Milli tveggja póla

Vissulega voru Kjarval mislagðar hendur og mistök hans má finna á þessari sýningu að Kjarvalsstöðum sem annars staðar. En það breytir ekki þeirri staðreynd að þar eru einnig nokkrar bestu rauðkrítarmyndir hans, úrvals mannamyndir og seiðmagnaðar huldumyndir.

Á þessu tímabili virðist sem Kjarval sveiflist milli tveggja póla, ýtrustu nákvæmni og raunsæis annars vegar og draumkenndra hugarsmíða hins vegar. Dæmi um hið fyrrnefnda eru nokkrar rauðkrítarmyndirnar, af laufum og trjágróðri, byggingum, málverk af Vídalínspostillu, Rauðmaga og fleiru hversdagslegu. Inni í því dæmi eru einnig nokkrar mannamynda Kjarvals. Á hinn bóginn eru huldumyndir (frá London 1912?), yfirnáttúruleg atvik, töfraskip, helgir menn, loftandar, allt upp í myndir sem eru úr öllum tengslum við veruleikann, eins og afstraktmyndirnar frá 1929.

Í smiðju annarra

Ekki er síður athyglisvert hvar Kjarval ber niður í verkum annarra listamanna á þessum árum. Breski málarinn Turner er augljóslega kveikjan að nokkrum huldufólksmyndum og bátamyndum, allt frá




„Sirts", olía, 1933.
(DB-myndir Sig. Þorri).


þessi mixtúra gangi ekki fyllilega upp — af ástæðum sem gaman væri að ræða í betra tómi.

En þótt hér hafi verið vikið að áhrifum annarra listamanna þá eru þau hvergi afgerandi í myndlist Kjarvals. Alls staðar skín í gegn sannfæring hans og trú á eigin mátt og megin.

Það er sú trú sem fleytir honum í

Myndlist





Vídalínspostilla, olía, ár?

1912 og fram yfir 1920, og ekki er úr vegi að álykta að Kjarval hafi séð myndir eftir Matisse eða Nabi málarana í Kaupmannahöfn sem skila sér svo í flötum, fígúratífum táknmyndum (eins og Listamenn kringum skilningstréð, Listas. Ísl.). Á Ítalíu 1920 kóperar Kjarval eða líkir eftir freskum eftir Michelangeló og Gióttó og einhvers staðar sér hann skógarmyndir eftir Cézanne, sjá „Divina Comedia" nr. 59 og Undirheima, nr. 87. Gauguin hefur stundum verið nefndur í tengslum við þær einkennilega frumstæðu helgimyndir sem Kjarval gerði rétt eftir 1925 og það hlýtur að vera hverjum manni ljóst að léttleikandi landslagsmyndir impressjónista setja sitt mark á Frakklandsmyndir hins íslenska meistara, sjá mynd nr. 114.

Trú á eigin mátt og megin

Hins vegar eru þess engin merki í list Kjarvals fyrir 1929 að hann hafi haft náin kynni af kúbisma þótt hann hafi eflaust af þeirri stefnu vitað, kannski alveg frá lærdómsárunum í Kaupmannahöfn. Á sýningunni að Kjarvalsstöðum eru tvær myndir sem virðast alveg óhlutbundnar og þar er eins og blandist hugmyndir Kjarvals um kúbisma annars vegar en hreint afstrakt hins vegar en það er eins og gegnum eitt erfiðasta tímabil lífs hans og gerir honum kleift að takast á við þau verkefni sem íslenskt landslag setti honum.

Merk bréf

Í landslagsmyndum sínum tekst Kjarval að finna tvíþætta lausn á listrænum vanda sínum. Sjálft landið var í sjálfu sér hlutlæg staðreynd en á því var einnig reist þjóðsagnaleg og yfirnáttúruleg arfleifð landsmanna. Í einni og sömu myndinni gat Kjarval fengið útrás fyrir fantasíu sína og skírskotað til þekkjanlegs veruleika.

Um Kjarvalssafn þeirra hjónanna Ragnars og Grethe mætti segja heil ósköp í viðbót. Aðeins eitt að lokum: í eigu erfingja þeirra er mikið magn merkra bréfa frá Kjarval og öðrum listamönnum. Það ætti að vera hlutverk Kjarvalsstaða að koma upp arkífi með bréfum og öðrum skjölum sem tengd eru íslenskri list og listamönnum. Og auðvitað á að ljósmynda öll þessi verk bak og fyrir í sama tilgangi.

Þótt verk Kjarvals hafi verið í brennidepli þessarar greinar þá er einnig rétt að minna á verk Schevings, sem eru hreint afbragð, og sama er að segja um verk Ásgríms. Einnig má vera að Höskuldur Björnsson hafi verið vanmetinn listamaður en ég held að yfirlitssýningu þurfi til að skera endanlega úr um það. -AI.



Frá Flórens, rauðkrít, 1920.